

Mánudaginn 18. nóv. 1929.

Nr. 47/1929. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**

gegn

**Lárusi Jóhannessyni, f. h. Jötul, A/S., Oslo.**

### **Dómur hæstaréttar.**

Þar sem áfrýjandi mætir ekki í málinu, er málið hafið samkv. kröfu stefnda. Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, greiði stefnda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. A/S. Jötul, 60 kr. í ómaksbætur í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóv. 1929.

Nr. 105/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

**Birni Emil Bjarnasyni** (Svb. Jónsson).

Bruggun m. m.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 22. maí 1929: Kærði, Björn Emil Bjarnason, sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 4000 króna sekt í rikissjóð innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 100 daga.

Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign rikissjóðs.

Loks greiði kærði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Að því athuguðu, að kærði hefir ekki gjörzt sekur um ítrekun brots á núgildandi áfengislögum nr. 64/1928, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi

við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt í ríkissjóð, að viðlögðu 65 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan ákveðins tíma. Með þessari breytingu á sektarhegningunni og vararefsingunni má því staðfesta lögregluréttardóminn. Samkv. þessum úrslitum verður kærður að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, sem ákveðið er 60 kr., hvort um sig.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að sektin verði 2000 kr. og afplánist með 65 daga einföldu fangelsi verði hún ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Björn E. Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Sveinbjörns Jónssonar, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Birni Emil Bjarnasyni, til heimilis í Brennu hér í bænum, fyrir brot á ákvæðum laga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Málavextir eru þannig:

Þann 21. marz síðastliðinn fór lögreglan á heimili kærðs hér í bæ og tók hjá honum sýnishorn af öli, er hann sjálfur hafði bruggað og seldi.

Öl þetta var síðan sent Efnarannsóknarstofu ríkisins til rannsóknar og var niðurstaðan sú, að ölið reyndist innihalda af áfengi (alkóhól) 3,60 % að rúmmáli.

Kærður hefir játað að hafa selt mikið af samskonar öli hér í bænum undanfarið. Það er enn fremur upplýst með framburði, margra vitna, sem keypt hafa öl hjá kærðum, að það hafi verið töluvert áfengt, svo að þeir hafi fundið á sér breytingu við að drekka af ölinu og jafnvel orðið ölvaðir við að drekka 2—3 lítra af því.

Kærður játaði að hafa bruggað og selt ölið sér og fjölskyldu sinni til lífsframfæris, þar sem hann vegna heilsubreysts þoli ekki erfiðisvinnu.

Þegar rannsókn Efnarannsóknarstofunnar barst hingað, var uppgengið það öl, er sýnishornið var af tekið, en kærður hafi þá bruggað sér af nýju, en miklu veikara.

Til bruggunarinnar notaði kærður eigi önnur áhöld en stamp eða tunnu og síu.

Kærður hefir samkvæmt framansögðu orðið sannur að því að brugga og selja öl í atvinnuskyni og hefir með þessu athæfi sínu gjörzt sekur um brot gegn 6. gr. og 11. gr. áfengis laga nr. 64 frá 7. maí 1928

Kærður hefir tvisvar áður sætt sektum fyrir brot á áfengislögunum samkvæmt dómum uppkveðnum af sýslumanni Suður-Múlasýslu, fyrra sinnið, 1926, sektaður um 400 kr. fyrir brot á 1. gr. laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 og síðara skiftið, 1928, sektaður um 800 kr., fyrir brot á sömu lögum.

Refsing sú, er kærður hefir unnið til eftir 30. gr. og 32. gr. nefndra áfengis laga nr. 64 frá 1928, þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 króna sekt í ríkissjóð og komi 100 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún ekki er greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Enn fremur greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.